

Náttúruminjasafn Íslands
16 202

Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum	6
Skýringar	7

Náttúruminjasafn Íslands

kt. 5207074-0340

Suðurlandsbraut 24, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Náttúruminjasafnið safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Safnið annast rannsóknir á starfssviði sínu. Náttúruminjasafn Íslands veitir öðrum náttúruminjasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu þeirra hér á landi og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði náttúrufræða. Náttúruminjasafnið skal eiga samstarf við vísinda- og rannsóknastofnanir á sviði náttúrufræða á vegum ríkisins og annarra aðila.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 233,5 milljónir og afkoma kr. -138,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -256,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 139,8 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Náttúruminjasafns Íslands fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Hilmar J. Malmquist
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	147.200.000	146.900.000
Seld þjónusta	3	0	389.970
Vörusala		0	147.025
Framlög og ýmsar tekjur	4	66.548.534	39.571.411
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	19.737.879	20.488.649
Tekjur samtals		233.486.413	207.497.055
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	158.694.378	154.089.209
Annar rekstrarkostnaður	6	193.223.795	98.244.367
Afskriftir og niðurfærslur	7	19.737.879	20.488.649
Gjöld samtals		371.656.052	272.822.225
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(138.169.639)	(65.325.170)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(5.176)	(2.506)
		(5.176)	(2.506)
Afkoma ársins		(138.174.815)	(65.327.676)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Viðskiptakröfur	8	6.196.538	103.000
Tengdir aðilar	9	434.871	804.822
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	40.858.348	21.720.777
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	92.359.537	105.893.338
Eignir samtals		<u>139.849.294</u>	<u>128.521.937</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	323.502.393	151.123.285
Viðskiptaskuldir		12.676.442	25.094.459
Ýmsar skammtímaskuldir	12	16.370.497	13.491.537
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	44.108.086	57.445.965
Skuldir samtals		<u>396.657.418</u>	<u>247.155.246</u>
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		(256.808.124)	(118.633.309)
Eigið fé			
Hrein eign	14	(256.808.124)	(118.633.309)
Eigið fé samtals		<u>(256.808.124)</u>	<u>(118.633.309)</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>139.849.294</u>	<u>128.521.937</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(138.174.815)	(65.327.676)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	19.737.879	20.488.649
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(19.737.879)	(20.488.649)
		<u>(138.174.815)</u>	<u>(65.327.676)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(25.231.109)	1.970.437
Tengdir aðilar		172.944.981	34.775.911
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(9.539.057)	28.581.328
		<u>138.174.815</u>	<u>65.327.676</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(6.204.078)	(1.080.125)
		<u>(6.204.078)</u>	<u>(1.080.125)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	180.125
Fjárfestingarframlag		6.204.078	900.000
		<u>6.204.078</u>	<u>1.080.125</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024	143.100.000	6.400.000	149.500.000
Fjáraukalög	0	0	0
Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum	143.100.000	6.400.000	149.500.000
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda			
Launabætur	4.100.000	0	4.100.000
Fjárveiting ársins	147.200.000	6.400.000	153.600.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað)	(118.633.308)	(48.447.373)	(167.080.681)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	28.566.692	(42.047.373)	(13.480.681)
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum	(285.374.815)	(6.204.078)	(291.578.893)
Staða fjárveitinga í lok árs 2024	(256.808.123)	(48.251.451)	(305.059.574)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2024	2023
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	147.200.000	146.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	19.737.879	20.488.649
	<u>166.937.879</u>	<u>167.388.649</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	143.100.000	0	0	143.100.000
Fjáraukalög	0	0	0	0
Launabætur	4.100.000	0	0	4.100.000
Fjárveiting til tekna	147.200.000	0	0	147.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(285.374.815)	0	0	(285.374.815)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(138.174.815)	0	0	(138.174.815)

	2024	2023
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	0	389.970
	<u>0</u>	<u>389.970</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	0	40.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	66.493.272	39.039.111
Ýmsar tekjur	55.262	492.300
	<u>66.548.534</u>	<u>39.571.411</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	126.470.371	115.379.326
Orlof, breyting	2.878.960	12.025.167
Launatengd gjöld	28.734.896	26.016.561
Starfsmannakostnaður	610.151	668.155
	<u>158.694.378</u>	<u>154.089.209</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	11,1	10,6
------------------------------	------	------

6 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	582.292	402.954
Byggingarvörur, almennar	166.358	4.496
Byggingarvörur, aðrar	0	4.953
Ýmis tæki og áhöld	490.082	220.665
Varahlutir og viðhaldsvörur	0	58.536
Orkugjafir	573.308	309.970
Matvæli	1.780.536	748.105
Almennar rekstrarvörur	178.838	187.167
Vörukaup, almenn	<u>3.771.414</u>	<u>1.936.846</u>

Skýringar

	2024	2023
6 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)		
Kennslu- og fündurvörur	16.069	71.578
Ýmsar sérgreindar vörur	9.285	25.030
Vörukaup, sérgreind	25.354	96.608
Fundir, námskeið, risna	522.521	460.381
Ferðir, uppihald	4.226.896	835.851
Akstur	530.913	466.137
Sérfræðiþjónusta	149.646.490	67.188.879
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	107.778	75.895
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	750.032	1.251.829
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	5.002.333	2.369.754
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	160.786.963	72.648.726
Samningsbundin kaup og leiga	0	265.512
Afnotagjöld	4.105.410	4.097.171
Leigugjöld	18.698.611	15.252.963
Notkun véla og flutningatækja	399.850	41.200
Verkkaup	4.025.968	1.162.748
Kostnaðarhlutdeild	1.128.449	1.049.783
Opinber gjöld	1.000	42.086
Tilfærslur	4.896.792	1.650.724
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	33.256.080	23.562.187
Hlutdeild annarra í kostnaði	(4.616.016)	0
Annar rekstrarkostnaður samtals	193.223.795	98.244.367
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	18.413.180	19.160.972
Aðrar eignir	1.324.699	1.324.699
Niðurfærsla óefnislegra eigna	0	2.978
	19.737.879	20.488.649
	31.12.2024	31.12.2023
8 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur	6.196.538	103.000
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	0
	6.196.538	103.000
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum	0	0
Viðskiptakröfur í erlendri mynt	6.196.538	103.000
	6.196.538	103.000

Skýringar

31.12.2024 31.12.2023

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar	434.871	804.822
	<u>434.871</u>	<u>804.822</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	323.313.463	150.910.211
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila	188.930	213.074
	<u>323.502.393</u>	<u>151.123.285</u>

31.12.2024 31.12.2023

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	40.634.238	21.619.006
Skattar	224.110	101.771
	<u>40.858.348</u>	<u>21.720.777</u>

11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	83.351.940	95.561.042
Aðrar eignir	9.007.597	10.332.296
	<u>92.359.537</u>	<u>105.893.338</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024	190.272.029	14.207.510	204.479.539
Viðbætur á árinu	6.204.078	0	6.204.078
	<u>196.476.107</u>	<u>14.207.510</u>	<u>210.683.617</u>
Afskriftir 01.01.2024	94.710.987	3.875.214	98.586.201
Afskrift ársins	18.413.180	1.324.699	19.737.879
	<u>113.124.167</u>	<u>5.199.913</u>	<u>118.324.080</u>
Staða 31.12.2024	<u>83.351.940</u>	<u>9.007.597</u>	<u>92.359.537</u>

31.12.2024 31.12.2023

12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	16.370.497	13.491.537
	<u>16.370.497</u>	<u>13.491.537</u>

Skýringar

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	92.359.537	105.893.338
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað)	(48.251.451)	(48.447.373)
	<u>44.108.086</u>	<u>57.445.965</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024	105.893.338	(48.447.373)	57.445.965
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	6.400.000	6.400.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	6.204.078	(6.204.078)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(19.737.879)	0	(19.737.879)
	<u>92.359.537</u>	<u>(48.251.451)</u>	<u>44.108.086</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 19,5 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(118.633.309)	(128.137.381)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	74.831.748
Afkoma ársins	<u>(138.174.815)</u>	<u>(65.327.676)</u>
Jöfnuður 31.12.	<u>(256.808.124)</u>	<u>(118.633.309)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2034 og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 15,1 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 3,3 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.